


Gerð skjals: Fundargerð	<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	
Dags.: 4.12.2023		
Tími: 15:00		
Staðsetning: Stofa A-7		
Síða 1 af 2		

<b>Tegund fundar</b> Skólanefndarfundur
---

<b>Fundarstjóri</b>	Stefán Hilmarsson
<b>Fundarritari</b>	Guðný Rún Sigurðardóttir
<b>Mætt</b>	Stefán Hilmarsson, Diljá Ámundadóttir, Brynja Björk Magnúsdóttir, Valgerður S. Kristjánsdóttir, Embla María Möller Atladóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Ásdís Arnalds, Björk Þorgeirsdóttir, Sigyn Blöndal.

	<b>Fundarefni</b>
1.	<b>Skólastarfið á haustönn.</b> Skólameistari greindi frá fundi skólameistara með mennta- og barnamálaráðuneyti 9. – 10. nóv. s.l. þar sem kynntar voru stefnumótandi áherslur í framhaldsskólamálum. Á vorönn 2024 er fyrirhuguð vinna við stefnumótun fyrir Kvennaskólann með hliðsjón af áskorunum og tækifærum í mótun framhaldsskólastigins.
2.	<b>Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila.</b> BÞ kynnti stefnumiðuða áætlun skólans 2024-2026 sem styðja á við markmið stjórnvalda í menntamálum. Farið var yfir kennslu- og áfangamat og kynntar breytingar sem gerðar voru á haustönn. ÁÁ kynnti samantekt á fyrirkomulagi námsmats innan skólans. Vægi lokaprófa fer minnkandi á sama tíma og áhersla hefur aukist á verkefni og kannanir innan kennslutíma.
3.	<b>Fréttir úr félagslífi nemenda.</b> Embla María fór yfir helstu viðburði úr félagslífi nemenda það sem af er skólaárinu og það sem er framundan í upphafi vorannar 2024. Búið að setja saman lið fyrir Gettu betur keppnina sem hefst eftir áramót. Eplavika og Eplaball voru í síðustu viku og ýmar þemavikur hafa verið í gangi. Rymja verður í janúar og sigurvegari keppinnar tekur þátt í söngkeppni framhaldsskólanna sem verður í apríl. Leikritið Mean Girls verður sett upp og frumsýnt í febrúar og æfingar eru hafnar.
4.	<b>Útkomuspá 2023 og rekstraráætlun 2024.</b> Farið yfir spá um afkomu ársins 2023 en gert er ráð fyrir nokkrum halla á yfirstandandi ári. Niðurstaða rekstraráætlunar fyrir árið 2024 var kynnt.
5.	<b>Fundargerðir kennarafunda.</b> Fundargerðir kennarafundar 20. október og 24. nóvember lagðar fram.
6.	<b>Húsnæðismál.</b> Skólameistari fór yfir framkvæmdir sem verða í kennsluhléi nú í desember.
7.	<b>Stofnun afmælisnefndar.</b> Kvennaskólinn í Reykjavík mun fagna 150 ára starfsafmæli 1. október 2024. Lagt til að kannað verði með hugmyndir að viðburðum eða athöfn af því tilefni.

Gerð skjals: Fundargerð	<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	
Dags.: 4.12.2023 Tími: 15:00 Staðsetning: Stofa A-7		
Síða 2 af 2		

8.	<p><b>Önnur mál.</b></p> <p>Skólinn hefur fengið endurnýjað starfsleyfi fyrir starfsemi í öllum þremur byggingum skólans til 26. september 2035.</p> <p>Kynnt áform Listasafns Íslands um breytingu á aðstöðu fyrir kaffihús. Breytingin felur í sér að hluti af framlóð Kvennaskólans færi undir útiaðstöðu fyrir kaffihúsið.</p> <p>Brautskráning stúdenta í desember fer fram 21. des. n.k.</p> <p>Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30</p>
----	--